



Borgarráð

Reykjavík, 4. september 2025

MIR25080008

Borgarhátíðir 2026-2028

Hjálögð samþykkt menningar- og íþróttaráðs, dags. 22. ágúst 2025, um styrki til borgarhátíða Reykjavíkur 2026-2028 er lögð fram til kynningar. Um er að ræða sex hátíðir í Reykjavík en framlög til hátíðanna nema samtals 53 m.kr. á ári og skiptast með eftirfarandi hætti: Hinsegin dagar / Reykjavík Pride 10 m.kr., Hönnunarmars 12 m.kr., Iceland Airwaves 12 m.kr., Iceland Noir Reykjavík 5 m.kr, Myrkir Músíkdagar 7 m.kr. og Reykjavík Dance Festival 7 m.kr.

Greinargerð:

Faghópur menningar- og íþróttaráðs um borgarhátíðir lagði til við menningar- og íþróttaráð að sex hátíðir verði Borgarhátíðir næstu þrjú árin. Lagðar voru til nokkrar breytingar frá því sem verið hefur. Tvær stærstu hátíðirnar, Iceland Airwaves og Hönnunarmars, verði gerðar að varanlegum Borgarhátíðum, Hinsegin dagar verði jafnframt gerð að varanlegri hátíð með langtímasamningi og loks verði hátíðirnar Reykjavík Dance Festival, Myrkir músíkdagar og Iceland Noir bókmenntahátíðin útnefndar borgarhátíðir með þriggja ára samstarfssamningum. Menningar- og íþróttaráð samþykkti tillöguna með þeirri breytingu að fjárveiting til Hinsegin daga hækkar í 10. m. kr með sérstakri viðbótarfjárveitingu menningar- og íþróttasviðs. Einnig liggur fyrir tillaga um að borgarráð veiti framlag úr styrkjapotti sínum fyrir árið 2025.

Heiða Björg Hilmisdóttir
borgarstjóri

Hjálagt: Tillaga um borgarhátíðir Reykjavíkur 2026-2028, samþykkt í menningar- og íþróttaráði, dags. 22. ágúst 2025



Reykjavík



Borgarráð
Ráðhús Reykjavíkur

Reykjavík, 22. ágúst 2025
MIR25080008

Tillaga um borgarhátíðir Reykjavíkur 2026-2028 samþykkt í menningar- og íþróttaráði – til kynningar

Á fundi menningar- og íþróttaráðs þ. 22. ágúst sl. var tillaga um borgarhátíðir Reykjavíkur 2026-2028 samþykkt, sbr. 3. lið hjálagðrar fundargerðar og hjálagt bréf skrifstofustjóra menningarborgar ásamt greinargerð faghóps dags. 21. ágúst 2025:

Lagt er til að menningar og íþróttaráð samþykki tillögu faghóps um val á borgarhátíðum Reykjavíkur fyrir árin 2026 – 2028.

Faghópur leggur til að sex hátíðir í Reykjavík hljóti viðurkenninguna Borgarhátíð Reykjavíkur 2026-2028.

Þær eru: Hinsegin dagar / Reykjavík Pride, Hönnunarmars, Iceland Airwaves, Iceland Noir – Reykjavík, Myrkir Músíkdagar og Reykjavík Dance Festival.

Framlög til hátíðanna nemi samtals 50 m.kr. á ári og skiptist með eftirfarandi hætti:

- Hinsegin dagar / Reykjavík Pride 7 m.kr.
- Hönnunarmars 12 m.kr.
- Iceland Airwaves 12 m.kr.
- Iceland Noir Reykjavík 5 m.kr.
- Myrkir Músíkdagar 7 m.kr.
- Reykjavík Dance Festival 7m.kr.

Lagt er til að gerður verði samstarfssamningur til þriggja ára við Iceland Noir Reykjavík, Myrka Músíkdaga og Reykjavík Dance Festival.

Faghópurinn leggur til að Iceland Airwaves og HönnunarMars verði gerðar að varanlegum borgarhátíðum og að þær fái langtímasamninga með sex mánaða uppsagnar ákvæði.

Sömuleiðis verði gerður samningur til þriggja ára við Hinsegin daga / Reykjavík Pride en lagt er til að hátíðin fái fastan samning með uppsagnar ákvæði og þurfi ekki að sækja um á þriggja ára fresti að verða borgarhátíð.

Allir samningar fela í sér markmið um starfsemi, þróun og rekstur með tilskyldum fyrirvörum um samþykkt fjárhagsáætlunar hverju sinni.



Reykjavík



Framlögin verði fjármögnuð af kostnaðarstað 03113 styrkir og rekstrarsamningar.
Trúnaður um setu í faghópi um borgarhátíðir 2026 – 2028 gildir fram að kynningu
á vali faghópsins í borgarráði.

Það tilkynnist hér með.

Virðingarfyllt,

Steinþór Einarsson
sviðsstjóri
Menningar- og íþróttasvið

Hjálagt:

Fundargerð 12. fundar menningar- og íþróttaráðs 22. ágúst 2025

Bréf skrifstofustjóra menningarmála ásamt greinargerð faghóps dags. 21. ágúst 2025



Reykjavík

MENNINGAR- og ÍPRÓTTARÁÐ

Ár 2025, föstudaginn 22. ágúst var haldinn 12. fundur menningar- og íþróttaráðs. Fundurinn var haldinn í Hofi og hófst hann kl. 09:00. Eftirtalin voru viðstödd fundinn: Skúli Þór Helgason formaður, Sara Björg Sigurðardóttir, Kristinn Jón Ólafsson, Stefán Pálsson, Björn Gíslason, Friðjón R. Friðjónsson og Aðalsteinn Haukur Sverrisson. Jafnframt Ingvar Sverrisson formaður Íþróttabandalags Reykjavíkur. Eftirtaldir embættismenn og aðrir starfsmenn sátu fundinn: Steinþór Einarsson, Andrés Bögebjerg Andreassen, Arnfríður Sólrún Valdimarsdóttir, Atli Steinn Árnason og Inga María Leifsdóttir sem ritaði fundargerð.

Þetta gerðist:

1. Fram fer kynning á starfsemi Miðstöðvar útivistar og útináms. MIR25080007

Anna Kristín Bang Pétursdóttir og Hafsteinn Hrafn Grétarsson sæti á fundinum undir þessum lið.

Fulltrúar Samfylkingar, Pírata og Vinstri grænna leggja fram svohljóðandi bókun:

Miðstöð útivistar og útináms er mikilvæg stoð í menntakerfi Reykjavíkur á öllum skólastigum, sem styður bæði við menntastefnu borgarinnar og lýðheilsuþætti hennar. Reykjavík hefur yfir að búa fjölmörgum möguleikum fyrir ungmenni að þroskast í leik og námi utandyra, en til að kennarar og börn geti fært sér þá í nyt er mikilvægt að hafa aðgang að aðstoð og fræðslu sérfræðinga. Fulltrúar samstarfsflokka fagna þeirri grósku og hugmyndaauðgi sem einkennir starfsemi MÚÚ og telja mikilvægt að henni verði gert kleift að vaxa áfram til framtíðar.

Fulltrúi Framsóknarflokksins leggur fram svohljóðandi bókun:

Fulltrúi Framsóknar þakkar fyrir afar góða kynningu á starfssemi Miðstöðvar útivistar og útináms. Ljóst er að um er að ræða afar gott starf við að kynna nemendum fyrir þeirri skemmtun og mikilvægi að stunda útiveru.

2. Fram fer kynning Íþróttabandalags Reykjavíkur á verkefni til að auka íþróttapátttöku og inngildingu í Breiðholti. MIR25060005
3. Lagt fram bréf skrifstofustjóra menningarborgar dags. 21. ágúst 2025 með trúnaðarmerktri tillögu faghóps um Borgarhátíðir Reykjavíkur 2026-2028. Tillögunni fylgdi greinargerð. MIR25080008

Samþykkt.

Kl. 10.12 viku Ingvar Sverrisson af fundinum.

Fulltrúar í menningar- og íþróttaráði leggja fram svohljóðandi bókun:

Faghópur menningar og íþróttaráðs um borgarhátíðir leggur til að sex hátíðir verði Borgarhátíðir næstu 3 árin. Lagðar eru til nokkrar breytingar frá því sem verið hefur. Tvær stærstu hátíðirnar Iceland Airwaves og Hönnunarmars verði gerðar að varanlegum Borgarhátíðum, Hinsegin dagar verði jafnframt gerð að varanlegri hátíð með langtímasamningi og loks verði hátíðirnar Reykjavík Dance Festival, Myrkir músíkdagar og Iceland noir bókmenntahátíðin útnefndar borgarhátíðir með þriggja ára

samstarfssamningum. Allar eru hátíðirnar mikilvægur hluti af gróskumikilli borgarmenningu og bera með rentu nafnbótina Borgarhátíð Reykjavíkur.

4. Lögð fram tillaga menningar- og íþróttaráðs um fjármögnun til Hinsegin daga. MIR25080010

Samþykkt.

Kl. 10.21 vikur Arnfríður Sólrún Valdimarsdóttir af fundinum.

Fulltrúar í menningar- og íþróttaráði leggja fram svohljóðandi bókun:

Hinsegin dagar hafa fyrir löngu tryggt sér sess sem ein litríkasta og mikilvægasta mannréttinda- og þáttökuhátíð borgarbúa sem sameinar gleði og mikilvæga mannréttindabaráttu fyrir réttindum hinsegin fólks. Menningar- og íþróttaráð virðir niðurstöðu faghóps um að hinsegin dagar séu annars eðlis en Borgarhátíðir sem byggja á því sem skarar framúr í tiltekinni listgrein en undirstrika að Hinsegin dagar eru nauðsynleg hátíð í borgarsamfélaginu og leggja því fram sérstaka fjárveitingu næsta þrjú árin úr fjárhagsramma sviðsins til að tryggja að hátíðin verði áfram vegleg á komandi árum.

5. Lagðar fram yfirfarnar styrkjareglur með breytingatillögum styrkjahóps MÍR um styrkjareglur Reykjavíkurborgar. PON24080006

6. Lögð fram tillaga sérfræðihóps um úthlutun styrkja til myndríkrar miðlunar 2025. MIR25080002

Samþykkt.

7. Samþykkt að taka inn með afbrigðum bréf skrifstofustjóra menningarborgar dags. 21. ágúst 2025 um skipan í faghóp vegna styrkja úr borgarsjóði á sviði menningarmála. MIR25080009

Samþykkt

8. Fram fer kynning á sex mánaða uppgjöri MÍR. MIR25080005


9. Fram fer kynning á fjárhagsáætlunarvinnu MÍR. MIR25080004

10. Fram fer umræða um hagræðingartillögur MÍR. Formaður menningar- og íþróttaráðs leggur til að sviðstjóra og fjármálastjóra sé veitt umboð til áframhaldandi vinnu við útfærslu á hagræðingartillögum. MIR25080006

Samþykkt.

Fulltrúar Samfylkingar, Pírata og Vinstri grænna leggja fram bókun sem færð er í trúnaðarbók.

Fundi slitið kl. 11:30



Handwritten signatures of participants at the meeting, including names like Kinnar, Samþykkt, and others.



Menningar- og íþróttaráð
Borgartún 12 - 14
105

Reykjavík, 21. ágúst 2025
MIR25080008

Tillaga um borgarhátíðir Reykjavíkur 2026 - 2028 - trúnaðarmál

Lagt er til að menningar og íþróttaráð samþykki tillögu faghóps um val á borgarhátíðum Reykjavíkur fyrir árin 2026 – 2028.

Faghópur leggur til að sex hátíðir í Reykjavík hljóti viðurkenninguna Borgarhátíð Reykjavíkur 2026-2028.

Þær eru: Hinsegin dagar / Reykjavík Pride, Hönnunarmars, Iceland Airwaves, Iceland Noir – Reykjavík, Myrkir Músíkdagar og Reykjavík Dance Festival.

Framlög til hátíðanna nemi samtals 50 m.kr. á ári og skiptist með eftirfarandi hætti:

- Hinsegin dagar / Reykjavík Pride 7 m.kr.
- Hönnunarmars 12 m.kr.
- Iceland Airwaves 12 m.kr.
- Iceland Noir Reykjavík 5 m.kr.
- Myrkir Músíkdagar 7 m.kr.
- Reykjavík Dance Festival 7m.kr.

Lagt er til að gerður verði samstarfssamningur til þriggja ára við Iceland Noir Reykjavík, Myrka Músíkdaga og Reykjavík Dance Festival.

Faghópurinn leggur til að Iceland Airwaves og HönnunarMars verði gerðar að varanlegum borgarhátíðum og að þær fái langtímasamninga með sex mánaða uppsagnar ákvæði.

Sömuleiðis verði gerður samningur til þriggja ára við Hinsegin daga / Reykjavík Pride en lagt er til að hátíðin fái fastan samning með uppsagnar ákvæði og þurfi ekki að sækja um á þriggja ára fresti að verða borgarhátíð.

Allir samningar fela í sér markmið um starfsemi, þróun og rekstur með tilskyldum fyrirvörum um samþykkt fjárhagsáætlunar hverju sinni.



Framlögin verði fjármögnuð af kostnaðarstað 03113 styrkir og rekstrarsamningar. Trúnaður um setu í faghópi um borgarhátíðir 2026 – 2028 gildir fram að kynningu á vali faghópsins í borgarráði.

Arnfríður Valdimarsdóttir

Virðingarfyllst,
Arnfríður Sólrún Valdimarsdóttir
skrifstofustjóri menningarborgar
menningar- og íþróttasvið

Hjálagt: Greinargerð faghóps um borgarhátíðir 2026 til 2028



Reykjavík

Borgarhátíðir Reykjavíkur 2026 – 2028.

Greinargerð faghóps.

Menningar-og íþróttaráð Reykjavíkurborgar auglýsir á þriggja ára frestir eftir umsóknum frá forsvarsfólki lista og menningarhátíða sem vilja verða Borgarhátíðir Reykjavíkur.

Faghópur um val á borgarhátíðum 2026 til 2028 fundaði þrisvar sinnum; 6. ágúst, 12. ágúst og 19. ágúst.

Vinnan fór þannig fram að hver og einn las innsendar umsóknir og lagði mat á þær eftir sérstöku matsblaði sem byggt er á grunni regla um borgarhátíðir og menningarstefnu Reykjavíkur. Síðan bar hópurinn saman niðurstöðu sínar og komst að sameiginlegri niðurstöðu.

Matsblað faghópsins tók m.a. á eftirtöldum þáttum:

- listrænt gildi og listræn stjórnun
- hversu mikið hátíðin eflir menningu og mannlíf í Reykjavík
- hversu opin hátíðin er almenningi, aðgengileg og sýnileg
- hversu mikla alþjóðlegar tengingar hátíðin hefur
- hvort hátíðin stuðli að atvinnusköpun
- hvort hátíðin uppfylli skilyrði um fagmennsku og gæði
- hvort hátíðin styðji við menningarstarf í hverfum borgarinnar

Jafnframt var horft til þátta á borð við þróunarmöguleika, nýsköpunar og möguleika á eign tekjuöflun.

Faghópur er skipaður fulltrúum frá Samtökum skapandi greina, Bandalagi íslenskra listamanna, Íslandsstofu og Reykjavíkurborg. Ekki er gert opinbert fyrr en að úthlutun lokinni hverjir sitja í faghópnum en við skipun hans er tekið mið af II. kafla stjórnsýslulaga um sérstakt hæfi.

Tuttugu hátíðir sóttu um að vera borgarhátíðir Reykjavíkur fyrir árin 2026 – 2028, þær eru:

- Alþjóðleg barnakvikmyndahátíð í Reykjavík
- Alþjóðleg kvikmyndahátíð í Reykjavík
- Blúshátíð í Reykjavík
- FAR Fest Afrika Reykjavík
- Hinsegin dagar í Reykjavík
- Hönnunarmars
- Iceland Airwaves
- Iceland Innovation Week
- Iceland Noir – Reykjavík
- Jazzhátíð Reykjavíkur
- List án landamæra
- Myrkir Músikdagar

- Óperudagar
- Raflost – Raflistahátíð
- Reykjavík Craft Week
- Reykjavík Dance Festival
- Reykjavík Food & Fun Festival
- Reykjavík Fringe Festival
- Seigla
- UNGI alþjóðleg sviðslistahátíð - fyrir börn og með börnum

Núverandi borgarhátíðir fyrir árin 2023 – 2025 eru: Hinsegin dagar, Hönnunarmars, Iceland Airwaves, RIFF, Reykjavík Dance Festival og Óperudagar. Samanlagt fá þessar hátíðir 50 milljónir árlega í styrk.

Niðurstaða.

Ljóst er að tvær af núverandi borgarhátíðum eru samofnar menningu og ímynd Reykjavíkur, auk þess sem þær gegna lykilhlutverki í framþróun og atvinnusköpun í sínum geirum. Þar af leiðandi er nánast óhugsandi annað en að þær verði áfram borgarhátíðir.

Faghópurinn leggur því til að Iceland Airwaves og HönnunarMars verði gerðar að varanlegum borgarhátíðum. Báðar þessar hátíðir efla ótvírætt menningu og mannlíf í borginni og stuðla jafnframt að atvinnusköpun. Þær hafa jákvæð áhrif á mannlíf, inngildingu og ímynd Reykjavíkurborgar.

Önnur hátíðin fer fram að vori, hin í nóvember og tryggja þær þannig samfellu í hátíðaflóru Reykjavíkur. Um er að ræða skipulagðar faghátíðir með listræna stjórn, sem hafa bæði sterka efnahagslega og menningarlega þýðingu fyrir borgina.

Iceland Airwaves - 12 m.kr.

Iceland Airwaves hefur verið hluti af menningarlífi borgarinnar í 25 ár. Iceland Airwaves er sú hátíð sem hefur haft hvað mest áhrif á aðgengi og velgengni íslenskra hljómsveita og tónlistarfólks á alþjóðavettvangi. Hún hefur veitt íslensku listafólki mikilvægan stökkpall út í heim og jafnframt skapað beinar atvinnuleiðir í tengslum við sjálfa hátíðina.

Iceland Airwaves dregur að sér fjölda erlendra gesta og er lykilþáttur í markaðssetningu Reykjavíkur sem áfangastaðar. Sem tónlistarborg hefur Reykjavík ótvírætt gagn af þessari tónlistarhátíð.

Orðspor hátíðarinnar nær víða um heim og hefur orðið samofið einstöku andrúmslofti sem skapast í Reykjavík í kringum viðburðinn. Ár hvert koma gestir víðsvegar að úr heiminum til að taka þátt í þessari stemningu.

Iceland Airwaves er að hefja nýjan kafla í þróun sinni, með aukinni áherslu á að laða yngri borgarbúa að, efla samstarf við fyrirtæki og stofnanir í borginni og leggja meiri áherslu á sjálfbærni hátíðarinnar í heild.

Hönnunarmars - 12 m.kr.

Á Hönnunarmars sameinast ólíkar greinar hönnunar og arkitektúrs í kraftmikilli og áhugaverðri hátíð sem snertir á fjölbreytilegum hliðum samfélags og atvinnulífs, allt frá fatahönnun til vöruhönnunar, arkitektúrs, grafískrar hönnunar, textilhönnunar, leirlistar, þjónustuhönnunar, stafrænnar hönnunar.

Hátíðin er eftirsótt meðal fagaðila og setur sinn svip á borgina á meðan hún er í gangi með miklum fjölda opinna viðburða. Hátíðin laðar að sér mikinn fjölda innlendra gesta, oft einnig annan markhóp en flestar aðrar hátíðir í borginni þar sem mikið er um viðskiptatengda viðburði, sem stækkar viðskipta- og tengslanet.

Hátíðin stuðlar að aukinni atvinnusköpun, eflir starfsumhverfi íslenskra hönnuða og styrkir ímynd Reykjavíkur sem skapandi og framsækinn borgar.

Reykjavík Dance Festival – 7 m.kr.

RDF er ung hátíð og er mikilvægur vettvangur fyrir sjálfstæða dansara og danshöfunda. Hátíðin er sömuleiðis mikilvæg fyrir framþróun dansins sem listgreinar hér á landi.

RDF styður við frumsköpun í greininni, er vettvangur atvinnusköpunar og mikilvægur stökkpallur fyrir íslenska dansara og danshöfunda út í heim.

Hátíðin sinnir jafnframt vel því mikilvæga hlutverki að efla mannlíf og menningu í Reykjavík, og hefur náð góðum árangri þegar kemur að því að kynna danslistina fyrir ólíkum hópum líkt og sést á mikilli aukningu í gestafjölda undanfarin ár.

RDF styður markvisst við listræna dýpt og faglega þróun með því að skapa tækifæri til sköpunar, sýninga og tengslamyndunar innanlands sem utan.

Hátíðin setur samfélagslega ábyrgð í forgrunn, en með því að færa danslistina út fyrir hefðbundin svið og vinna með ólíkum hópum samfélagsins hefur RDF skapað aðgengilegan og inngildandi vettvang sem speglar raunveruleika og fjölbreytileika borgarbúa.

RDF er í fremstu röð í að móta réttlátt og fjölradda menningarlíf þar sem listin er samofin daglegu lífi, sameiginlegri upplifun og framtíðarsýn borgarinnar.

Myrkir Músikdagar - 7 m.kr.

Myrkir músikdagar er ein af elstu tónlistarhátíðum landsins og beinir sjónum sínum að íslenskum samtímatónskáldum. Hátíðin er einn mikilvægasti vettvangur framsækinnar samtímatónlistar á Íslandi og hefur skapað sér virðingarsess í íslensku tónlistarlífi, auk þess sem hátíðin vekur athygli langt út fyrir landsteinana.

Hátíðinni hefur tekist að vera framsækin og ögrandi og má kinnroðalaust halda fram að hún hafi skipt sköpum fyrir íslensk tónskáld og eigi ótvíræðan hlut í velgengni þeirra í dag.

Myrkir músíkdagar var borgarhátíð Reykjavíkur á árunum 2020-2022 og kemur nú aftur inn sem borgarhátíð. Hátíðin er í stöðugri framþróun og hefur alla burði til að verða leiðandi borgarhátíð. Myrkir músíkdagar er haldin á óvenjulegum tíma á árinu, í byrjun árs, sem eykur breidd í viðburðadagatali borgarinnar.

Iceland Noir – Reykjavík - 5 m.kr.

Iceland Noir - Reykjavík er listamannadrifin bókmenntahátíð þar sem boðið er upp á erindi, viðtöl og pallborð með glæpasagnahöfundum, höfundum annars konar bóka, ljóðskáldum, höfundum barna- og ungmennabóka, fræðafólki og þeim sem tengjast leiknu menningarefni.

Þessi þverfaglega nálgun er ný innspýting inn í íslenska bókmenntaflóru. Hátíðin hefur mikla alþjóðleg tengingu og það er gaman að sjá hvernig forsvarsmenn Iceland Noir – Reykjavík nýta eigin velgengni og frægð til að búa til platform fyrir aðra íslenska listamenn.

Umgjörðin er spennandi og það eru miklir þróunarmöguleikar í hátíðinni þar sem lögð er áhersla á fjölbreyttar leiðir nútíma sagnalistar sem styrkja ímynd Reykjavíkur sem borgarmenntaborgar UNESCO.

Reykjavík Pride 7 m.kr.

Faghópur vill benda á að enginn í hópnum vill hætta að styrkja PRIDE þar sem menningarlíf Reykjavíkur á að endurspegla fjölbreytileika mannlífsins.

Opinber skilgreining Reykjavík Pride er „menningar-, mannréttinda- og margbreytileikahátíð“. Pride uppfyllir ekki þau skilyrði sem sett eru um borgarhátíðir Reykjavíkur um að gegna lykilhlutverki í sinni listgrein, en Reykjavík Pride er einstök mannréttindahátíð sem stuðlar að samfélagslegri samstöðu og sýnileika minnihlutahópa og hefur þannig djúp áhrif á borgarlíf og mannréttindasjónarmið.

Hátíðin hefur sannað ótvírætt gildi sitt hvað varðar þýðingu fyrir ímynd borgarinnar og ætti að fá langtímasamning við Reykjavíkurborg.

Reykjavík Pride á ekki þurfa að sækja um á 3 ára fresti að verða borgarhátíð og því leggur faghópur til að þau fái fastan samning hjá Reykjavíkurborg og það fjármagn á ekki að koma úr potti borgarhátíða.

Lokaorð:

Þær hátíðir sem detta út að þessu sinni eru: Óperudagar og RIFF

Faghópur er sammála um mikilvægi þess að taka núverandi fyrirkomulag við val og úthlutun til borgarhátíða til endurskoðunar.

Þar sem borgarhátíðarsjóður er ekki vísitölutengdur, lækkar raunviði hans á milli ára. Stór hluti fjármagnsins er bundin í hátíðum sem eru þegar orðnar það samofnar menningu og ímynd borgarinnar að það er óhugsandi annað en að þær verði áfram borgarhátíðir. Þetta hefur hamlandi áhrif á möguleika minni hátíða til þess að hljóta þann titil og stendur þar af leiðandi í vegi fyrir framþróun í hátíðarflóru borgarinnar.

Jafnframt geta frambærilegar hátíðir sem haldnar eru annað hvort ár ekki hlotið titilinn borgarhátíðir samkvæmt núverandi reglum.

Í ljósi þessa leggur faghópur til að eftirfarandi verði tekið til skoðunar:

- Að upphæðir í borgarhátíðasjóði verði vísitölutengdar
- Að hátíðir sem haldnar eru annað hvort ár getir sótt um og að einn tvíæringur verði valin sem borgarhátíð fyrir árin 2029 – 2031.

Faghópur vill einnig í þessu samhengi benda á sérstöðu Listar án landamæra sem ekki komst á lista yfir borgarhátíðir. Hátíðin er að mati hópsins, einstök hátíð sem hefur burði til að vaxa og dafna. Hún, líkt og Reykjavík Pride hefur sérstöðu sem mannréttindahátíð og stendur fyrir gildum sem eru hluti af ímynd Reykjavíkurborgar. Á þeim forsendum leggur faghópur til að endurnýjaður verði samningur borgarinnar við hátíðina.